



LOK4UN05 - Lokaverkefni

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Hermína Huld Hilmarsdóttir

Netfang/netföng:

hermina.hilmarsdottir@borgo.is

Lýsing:

Nemendur kynast grundvallaratriðum í fræðilegum vinnubrögðum. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér fræðileg vinnubrögð við úrvinnslu heimilda, frágang tilvísana, tilvitnana og heimildaskráa. Fjallað er um grunnatriði í bókasafnsnotkun og grundvallaratriði við upplýsingaöflun og textavinnslu. Sérstaklega er fjallað um notkun og öflun rafrænna gagna. Nemendur vinna m.a. raunhæft verkefni í tengslum við vinnustaðanám sitt. Lokaverkefnið skal tengjast starfi leikskólaliða. Um er að ræða rannsókn sem byggist á rannsóknarvinnu og heimildavinnu. Gert er ráð fyrir að nemendur dýpki þekkingu sína í aðferðafræði í tengslum við verkefnið. Nemendur sækja umræðutíma í tengslum við verkefnið og gera grein fyrir framvindu þess. Lögð er áhersla á gagnrýni og sjálfstæð vinnubrögð þar sem nemendur leggja faglegt mat á inntak vinnunnar hjá sér og samnemendum. Í lok áfanga er haldin málstofa þar sem nemendur kynna lokaverkefni sín. Lögð er á hersla á að nemandinn þjálfist í að standa fyrir máli sínu og setja fram skoðanir sínar á yfirvegaðan og faglegan hátt.

Þekking, leikni, hæfni:

Að nemandi:

- fái tækifæri til að yfirfæra faglega og fræðilega þekkingu yfir á starfsumhverfi
- þjálfist í fræðilegum vinnubrögðum
- nái aukinni leikni í beitingu fræðilegra hugtaka í tengslum við störf sín
- undirbyggi en betur fagleg vinnubrögð sín og tengi þau við vinnubrögð annarra fagstétta
- geti sett sér raunhæf markmið og afmarkað viðfangsefnið
- geti rökstutt gildi verkefnisins
- þjálfist í vali á vinnuaðferðum/rannsóknaraðferðum við hæfi og geti gert grein fyrir þeim
- geti aflað viðeigandi og gildra rannsóknargagna og heimilda
- geti unnið úr, greint, rökrætt og ígrundað efnið og sett í fræðilegt samhengi
- geti beitt aðferðum, hugtökum og kenningum ólíkra fræðisviða
- sýni sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- þjálfist í að setja viðfangsefni sín fram á faglegan og skapandi hátt
- þjálfist í að setja fram skoðanir sínar og rökstyðja þær á gagnrýnin hátt
- þjálfist í gagnrýnum vinnubrögðum þannig að hann geti unnið sjálfstætt að fagbundnum úrlausnarefnum

Námsmat:

Lokaverkefni 80%

- Verkefni 1 = Um hvað fjallar lokaverkefnið
- Verkefni 2 = Gera beinagrind
- Verkefni 3 = Finna heimildir og skrá í heimildaskrá
- Verkefni 4 = Milliskil
- Verkefni 5 = Lokaskil

Þátttaka og virkni 20%

- Umræðutímar og lotur

Kynning í lotu 3{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

Námstögn:

Efni frá kennara. ofl.

<http://upplýsing.is/upplýsingalaesi/index.htm>

<http://www.bhs.is/bokasafn/heimildir/>

<http://skrambi.arnastofnun.is/>

<https://skrif.hi.is/ritver/>

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5420>

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Kynning á fyrirkomulagi og áætlun. Aðferðafræði – rannsóknaspurningar, eigindlegar og meginlegar rannsóknaraðferðir	Lota 1
2	26.-30. ágúst	Umræðutími 1	
3	2.-6. sept.	Umræðutími 2	Verkefni 1 (3,3%)
4	9.-13.sept.	Umræðutími 3	
5	16.-20.sept	Umræðutími 4	Verkefni 2 (3,3%)
6	23.-27. sept.	Umræðutími 5	
7	30.sept.- 4. okt.	Umræðutími 6	Lota 2 Verkefni 3 (3,3 %)
8	7.-11. okt.	Umræðutími 7	Milliskil (10%)
9	14.-18. okt.	Umræðutími 8	
10	21.-23. okt.	Umræðutími 9	<i>Hausthlé</i>
11	29. okt.-1. nóv.	Umræðutími 10	
12	4.-8. nóv.	Umræðutími 11	
13	11.-15. nóv.	Umræðutími 12	
14	18.-22. nóv.	Umræðutími 13	
15	25.-29. nóv	Umræðutími 14	Lota 3 Kynning (5%)
16	2.-6. des.	Umræðutími 15	Lokaverkefni (60%)
17	9.-12. des	Slútt	<i>Síðasti kennsludagur</i>

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.